

Fundargerð stjórnar Fíh

2. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 kl. 09:00 – 12:00 - Fjarfundur

Mættir:

Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Gestir:

Sólveig Stefánsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: samþykkt.

Til kynninga:

2. Upplifun danskra hjúkrunarfræðinga á tímum COVID-19, rannsókn.

Kynntar niðurstöður rannsóknar danskra hjúkrunarfélagsins á niðurstöðum rannsóknar um upplifun danskra hjúkrunarfræðinga á tímum covid-19.

3. Ráðstefnunni *Hjúkrun 2021*, 16. -17 september frestað.

Ákveðið hefur verið að sökum heimsfaraldurs verður ráðstefnunni frestað en í stað hennar verður haldið rafrænt málþing um hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldri 16. september.

4. Skoðanakönnun um fræðsluáherslur hjá Fíh meðal félagsmanna.

Gerð verður skoðanakönnun meðal félagsmanna um hvaða áherslur þeir vilja sjá í fræðslumálum hjá Fíh fyrir starfsárið. Áætlað er að könnunin fari út fyrir miðjan september.

Til umræðu:

5. COVID-19 faraldurinn og mönnun hjúkrunarfræðinga.

Rætt um álag hjúkrunarfræðinga á tímum covid-19 og alvarleika þess að dæmi eru um að hjúkrunarfræðingar komist ekki í sumarfrí og mikið um yfirvinnu. Færri hjúkrunarfræðingar eru að skrá sig í bakvarðarsveitina en gerðu í fyrstu bylgju faraldursins.

Umræður.

6. Orlofssjóður Fíh.

Rætt um orlofshús og íbúðir Fíh og viðhald þeirra. Einnig rætt um þörf á kaupum á öðrum eignum ein skv. síðustu könnun orlofsstjórnar var mestur áhugi á að kaupa íbúð á Akureyri. Er orlofsnefndin að skoða það frekar. Jafnframt er Bjarni Ingvasvon að láta af störfum í september eftir tæp 10 ár í starfi og er verða breytingar gerðar í umsjón með eignum Orlofssjóðs. Hafin er vinna hjá orlofsnefnd að endurskoða punktakerfi orlofshúsnæðis. Umræður.

Stjórn Fíh þakkar Bjarna fyrir mjög vel unnin störf í þágu félagsmanna og þá miklu natni sem hann hefur sýnt í vinnu sinni við umsjón og viðhaldi eigna félagsins.

7. Rekstraryfirlit sjóða, staða félagssjóðs jan-júní 2021.

Gjaldkeri Fíh fór yfir reikninga félagsins fyrstu sex mánuði ársins ásamt skýringum. Umræður.

- a. Sólveig Stefánsdóttir fyrrum fjármálastjóri Fíh kom á fundinn en hún lét af störfum í ágúst eftir um 15 ár í starfi. Stjórn Fíh þakkar Sólveigu fyrir einstök störf fyrir félagið og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir rekstraryfirlit fyrstu sex mánuði ársins 2021.

8. Rekstur skrifstofu Fíh.

Trúnaðarmál.

9. Skoðanakönnun á starfsumhverfi og starfsöryggi hjúkrunarfræðinga.

Fyrirhugaður er fundur með Vinnuverndarskólanum til að ræða grundvöll námskeiða í vinnuvernd og starfsöryggi.

Umræður.

10. Starfsáætlun stjórnar 2020-2021.

Vinnufundur stjórnar verður 8. september þar sem frekar verður unnið með starfsáætlun komandi starfsárs Fíh.

Umræður.

11. Komandi alþingiskosningar.

Umræður meðal stjórnarmeðlima um áherslur Fíh fyrir komandi alþingiskosningar. Rætt um hvaða málefni liggja helst við er varða áherslur Fíh og stöðu hjúkrunarfræðinga á Íslandi í dag.

Umræður.

Önnur mál:

Fleiri mál eru ekki tekin fyrir á fundinum.

Guðný Birna Guðmundsdóttir, ritari stjórnar FÍh.